

Votlendissjóðurinn – b/t Þórunnar Ingu Ingjaldsdóttur stjórnarform.
Keldnaholti
112 Reykjavík

Selfossi, 6. desember 2022
Tilvísun: 2212096

Efni: Fyrirspurn varðandi framkvæmdir Votlendissjóðs í Fífustaðardal í Arnarfirði. Möguleg brot á dýravelferð.

Sælar Þórunn Inga.

Matvælastofnun (MAST) er opinber eftirlitsaðili með dýravelferð á Íslandi skv. 1.mgr. 4.gr. laga nr. 55/2013 um velferð dýra.

Þann 28. nóvember sl. barst MAST eftirfarandi ábending frá Víði Hólmi Guðbjartssyni bónda í Grænuhlíð í Arnarfirði:

Fyrirspurn vegna votlendissjóðs í Fífustaðardal í Arnarfirði. Votlendissjóður fyllti uppí skurði og bjó til dauðagildirur fyrir menn og dýr. Ég var búinn að vara við þessu og er búinn að finna fyrstu dauðu rolluna sem hefur fest í skurði og tekið nokkra sólarhringa að örmagnast og drepast. Flokkast þetta ekki undir dýranið? Og þetta er bara byrjunin. MAST er ætlað að hugsa um velferð dýra ekki satt? Hvað ætlið þið að gera í þessu máli? Með kærri kveðju. Víðir Hólm Guðbjartsson, bóndi í Grænuhlíð í Arnarfirði.

Á fréttavefnum www.bb.is má finna eftirfarandi frétt:

Skipulags- og umhverfisráð Vesturbyggðar hefur heimilað skipulagsfulltrúa að veita framkvæmdaleyfi fyrir endurheimt votlendis á um 57 hektara svæði á jörðinni Fífustöðum í Fífustaðadal, Arnarfirði. Áætlaður verktími er í ágúst og september 2020.

Það var Votlendissjóður sem sótti um framkvæmdaleyfi að beiðni landeigenda.

Samkvæmt erindinu eru skurðir á því svæði sem áætlað er að endurheimta votlendi á um 12,4 km að heildarlengd. Fyrirhugað er að fylla upp í hluta þessara skurða að fullu með gömlum uppgreftri sem að þeim liggur en í öðrum skurðum er áætlað að gera litlar „stíflur“ með reglulegu millibili. Áhersla verður lögð á að vanda til verka, þjappa efni vel ofan í skurðstæði svo að fyllingar skolist ekki til og eins að taka til hliðar gróður úr skurðum og ofan af ruðningum til að þekja yfirborð rasksvæða og flýta þannig fyrir uppgræðslu þeirra.

Endurheimt votlendis fellur ekki undir lög um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt því sem Skipulagsstofnun hefur gefið út.

Umhverfis- og skipulagsráðið leggur til við framkvæmdaraðila að framkvæmdin verði þannig útfærð að ekki myndist slysigildirur fyrir dýr og menn.

<https://www.facebook.com/profile.php?id=100020113030043> – myndband af aðstæðum.


Eftirfarandi frétt má finna á www.frettabladid.is 28. nóvember sl.:

<https://www.frettabladid.is/frettir/bondi-segir-votlendissjod-leggja-daudagildirur/>

MAST óskar hér með eftir að fá sendar upplýsingar um hvernig staðið var að því á umræddum stað að ekki mynduðust slysagildirur fyrir dýr og menn, sbr. bókun skipulags- og umhverfisráðs Vesturbyggðar. Samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum virðist það hafa farið að einhverju leyti úrskeiðis.

Óskað er eftir svari í netfangið mast@mast.is eigi síðar en 15. desember 2022.

Virðingarfyllt,
f.h. Matvælastofnunar



Einar Örn Thorlacius lögfr.

Afrit: Sveitarstjórn Vesturbyggðar, Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði